

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 9. febrúar 2023

Mál nr. E-2577/2022:

## Heiðardalur ehf.

(Arnar Heimir Lárusson lögmaður)

gegn

## Búð ehf.

(Guðjón Ármannsson lögmaður)

### Dómur

#### Málsmeðferð, aðild og kröfur aðila

- Mál þetta var höfðað með stefnu sem var birt 25. maí 2022 og þingfest 7. júní sama ár. Stefnandi er Heiðardalur ehf., [...]. Stefndi er Búð ehf., [...]. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 24. janúar 2023.
- Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að ekkert atkvæði fylgi jörðinni Hvarfsdal, landnúmer: 137824 og fasteignanúmer: F2117984, Dalabyggð, Dalasýslu í Veiðifélagi Búðardalsár. Þá krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti eða samkvæmt mati dómsins.
- Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

#### Helstu málsatvik

- Málsaðilar eiga hvor um sig þrjár jarðir sem liggja að Búðardalsá í Dalabyggð, áður Skarðshreppi. Stefnandi á jarðirnar Búðardal (landnúmer: 137815), Búðardal II (landnúmer: 137816) og Barm (landnúmer: 137814) en stefndi er eigandi jarðanna Hvalgrafa (landnúmer: 137822), Tinda (landnúmer: 137839) og Hvarfsdals (landnúmer: 137824). Þeir eiga báðir aðild að Veiðifélagi Búðardalsár sem er félag þeirra sem eiga veiðirétt í ánni og starfar nú á grundvelli laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Í samþykkt fyrir félagið, sem landbúnaðarráðuneytið staðfesti 29. ágúst 1973 og birt var í B-deild Stjórnartíðinda sama dag, kemur fram að félagið nái til umræddra sex jarða sem eigi land að vatnasvæði Búðardalsár. Í samþykktinni kemur fram að hún staðfestist samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, sem þá giltu. Í framkvæmd mun hafa verið við það miðað að á vettvangi veiðifélagsins fylgdi eitt atkvæði hverri þeirra sex jarða sem hér voru nefndar. Hafa því þrjú atkvæði verið á hendi stefnanda og þrjú á

hendi stefnda þann tíma sem eignarhald jarðanna hefur verið eins og nú er. Ágreiningur málsins stendur um hvort atkvæði eigi að fylgja jörðinni Hvarfsdal eða ekki. Samkvæmt arðskrá veiðifélagsins, dagsettri 5. janúar 2010 og staðfestri af Fiskistofu 7. sama mánaðar, nemur hlutdeild Hvarfsdals í veiðirétti í ánni 1.944,79 af alls 10.000 einingum, þ.e. tæplega 20%. Arðskráin byggist á matsgerð sem unnin var af matsnefnd samkvæmt 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

5. Hið stefnda félag Búð ehf. er jafnframt leigutaki veiðiréttinda í Búðardalsá samkvæmt leigusamningi við veiðifélagið, dagsettum 9. mars 2007. Með samningnum tók stefndi á leigu allan veiðirétt til stangveiði í ánni ásamt fiskgengum þverám og lækjum hennar, upphaflega til 10 ára frá 1. október 2007 til 30. september 2017. Eftir síðarnefnda tíma-markið hefur samningurinn framlengst sjálfkrafa til eins árs í senn á grundvelli ákvæðis hans þess efnis að svo fari ef honum er ekki sagt upp að samningstíma loknum. Á aðalfundi veiðifélagsins 26. mars 2018 lagði stefnandi til að samningnum yrði sagt upp frá 30. september sama ár en tillagan var felld með þremur atkvæðum stefnda gegn þremur atkvæðum stefnanda, þ.e. hún féll á jöfnu. Stefnandi kærði þessa ákvörðun til Fiskistofu 11. maí 2018, á þeim grundvelli að ranglega hefði verið miðað við það að Hvarfsdal tilheyrði atkvæðisréttur í félaginu. Fiskistofa hafnaði kröfu stefnanda um ómerkingu ákvörðunarinnar með úrskurði 11. apríl 2019.
6. Fyrir liggur að Hvarfsdalur var bújörð á fyrri tíð og er það atriði ágreiningslaust meðal aðila málsins. Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* eftir Orm Daðason frá árinu 1731 er m.a. getið um matsverð jarðarinnar og landskuld og hún sögð landmikil. Í ritinu *Jarðatal á Íslandi* eftir Jón Johnsen frá 1847 er einnig að finna upplýsingar um matsverð og landskuld og einn ábúandi sagður vera á jörðinni. Í úrskurði óbyggðanefndar frá 3. maí 2018 í máli nr. 1/2016 (Flekkudalur og Svínadalur) er vitnað til jarðamats yfir Dalasýslu frá 1804 þar sem jörðin sé sögð vera 10 hundraða jörð í eigu kirkjunnar í Búðardal og nafngreindur maður sagður vera ábúandi. Í sama úrskurði er rakin merkjalýsing landamerkjabréfs Hvarfsdals sem dagsett sé 21. maí 1885 og þinglýst degi síðar og enn fremur vitnað til fasteignamats 1916–1918 varðandi það að mikill ágangur afréttarfjár sé meðal ókosta jarðarinnar. Í minningargrein sem er meðal gagna málsins kemur fram að fjölskylda nokkur hafi flutt að Hvarfsdal vorið 1920 og verður ráðið af greininni að á þeim tíma hafi verið stundaður þar búskapur sem þó hafi ekki verið stór í sniðum. Í *Fasteignabók* frá 1932 er að finna ýmsar upplýsingar um Hvarfsdal sem þar er metinn sem jörð og hið sama er að segja um *Fasteignabók* frá árunum 1942–1944. Af fyrrnefndu fasteignabókinni að dæma var jörðin þá í ábúð en í þeirri síðarnefndu kemur fram að jörðin hafi verið auð á þeim tíma sem bókin tekur til.

7. Í jarðaskrá/lögbýlaskrá fyrir Dalasýslu fardagaárið 1958–1959 er Hvarfsdals getið en ekki er tilgreindur þar neinn ábúandi eða bústofn. Hið sama er að segja um hliðstæðar skrár næstu ár á eftir allt til fardagaársins 1966–1967. Í skránni fyrir fardagaárið 1967–1968 er Hvarfsdals aftur á móti ekki getið og ekki heldur í skránum fyrir næstu ár á eftir en sú yngsta þeirra sem liggur fyrir í málinu er fyrir fardagaárið 1975–1976. Þá er Hvarfsdals ekki getið í lögbýlaskrá Þjóðskrár frá árinu 2021. Í fasteignaskrá kom fram árið 2022 að Hvarfsdalur væri jörð og að henni fylgdi lax-/silungsveiði. Jörðin er þar tilgreind sem „Eyðijörð/afrétt“.
8. Hvarfsdalur mun um skeið hafa verið í eigu kirkjumálasjóðs. Í fundargerð hreppsnefndar Skarðshrepps frá 5. september 1944 kemur fram að rætt hafi verið um að hreppurinn fæli þingmanni kjördæmisins að bera upp á Alþingi að hreppurinn fengi keypta jörðina Hvarfsdal. Hreppsnefndin telji hreppnum nauðsynlegt að fá „þjóðjörðina Hvarfsdal“ keypta og feli þingmanni kjördæmisins, Þorsteini Þorsteinssyni sýslumanni, að bera það upp á Alþingi. Leyfi sýslunefndar hafi áður verið fengið. Lög sem heimiluðu sölu jarðarinnar til hreppsins voru sett síðar sama haust. Engin gögn liggja fyrir í málinu um ráðstafanir eða nýtingu hreppsins á landi jarðarinnar eftir kaupin. Ekki hafa heldur verið lögð fram gögn um kaup stefnda á jörðinni eða nýtingu hans á jörðinni þaðan í frá.

#### **Helstu málsástæður stefnanda**

9. Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 fylgi eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt eigi í samræmi við ákvæði laganna. Með jörð í þessum skilningi sé átt við þær jarðir, þar á meðal eyðijarðir, sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976. Jörðin Hvarfsdalur hafi ekki uppfyllt þau skilyrði við það tímamark.
10. Hugtakið lögbýli hafi fyrst komið fyrir í lagatexta í ábúðarlögum nr. 36/1961. Hugtaks-skilyrði laganna hafi m.a. lotið að landrými eða búrekstrarastöðu, sem og húsakosti. Jörð sem farin var í eyði og öll hús á henni fallin eða rifin hafi þó eftir sem áður talist jörð eða lögbýli þar til liðin hafi verið 25 ár frá því að hún fór síðast í eyði. Þessi lög hafi verið í gildi þegar ný jarðalög tóku gildi árið 1976. Því verði að líta til þeirra þegar metið er hvort Hvarfsdalur hafi talist lögbýli við það tímamark og uppfylli með því skilyrði atkvæðisréttar samkvæmt 1. mgr. 40. gr. núgildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
11. Jörðin Hvarfsdalur hafi verið meira og minna í eyði frá því um 1900 að því undanskildu að á henni hafi verið búið um skamman tíma í kringum 1930. Jörðin hafi því verið búin að vera í eyði áratugum saman þegar jarðalögin frá 1976 tóku gildi. Á þeim tíma hafi

engin uppistandandi hús verið á jörðinni eftir því sem næst verði komist. Þá hafi samkvæmt heimildum staðkunnugra ekkert landrými eða búrekstraraðstaða verið í Hvarfsdal heldur hafi ábúendur Hvarfsdals nytjað aðrar jarðir til heyfengs enda jörðin illræktanleg.

12. Eftir að jörðin Hvarfsdalur fór í eyði hafi hún fljótlega komist í eigu kirkjumálasjóðs en ástæður þess liggi ekki fyrir. Eftir að Skarðshreppur keypti jörðina hafi hún líklega verið lögð til afréttar enda muni það hafa verið tilgangur hreppsnefndar með kaupunum, sbr. þá staðreynd að ákvörðun um að reyna að fá jörðina keypta hafi verið tekin á fjallskilafundi hreppsnefndarinnar. Skráning jarðarinnar sem eyðijarðar/afréttar í fasteignaskrá styðji þá ályktun enda muni sú skráning byggjast á upplýsingum frá sveitarfélaginu. Gögn um þetta hafi þó ekki fundist þrátt fyrir mikla leit.
13. Besta heimildin um hvort jörð taldist á einhverjum tímapunkti lögbýli sé hin svonefnda jarðaskrá sem gefin hafi verið út frá árinu 1958. Með lögum nr. 48/1957 hafi Landnámi ríkisins verið falið að gera jarðaskrá árlega yfir byggðar og óbyggðar jarðir og skráin hafi frá upphafi haft þann tilgang að skrá jarðir sem teljist jarðir eða lögbýli. Með lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum nr. 45/1971 hafi gerð jarðaskrárinnar verið falin svonefndri landnámsstjórn. Í 42. gr. hafi komið fram að landnámsstjórn skyldi láta árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið og fylgjast þannig með ábúð allra lögbýlisjarða. Með lögum nr. 90/1984 hafi síðan verið gerðar breytingar sem falið hafi í sér að landbúnaðarráðuneytið skyldi framvegis annast gerð jarðaskrárinnar. Í athugasemdum við þá lagagrein sem fól í sér umrædda breytingu komi beinlínis fram að skránni sé ætlað að veita upplýsingar um hvaða býli falli undir skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 á hugtakinu lögbýli. Hafið sé yfir vafa að skránni hafi verið ætlað það hlutverk að tilgreina hvaða jarðir teldust lögbýli út frá skilgreiningu ábúðarlaganna frá 1976 og sambærilegra eldri laga. Sama skrá sé nú haldin á grundvelli 26. gr. jarðalaga nr. 81/2004.
14. Í elstu jarðaskrám Dalasýslu, frá fardagaárinu 1958–1959 og árunum þar á eftir, sé Hvarfsdals getið en fram komi að þar sé enginn bústofn. Fardagaárið 1967–1968 verði sú breyting að jörðin Hvarfsdalur falli af skránni og hún hafi ekki verið nefnd þar síðan. Verði að telja þetta óræka staðfestingu þess að fardagaárið 1967–1968 hafi það verið mat þeirra sem gerðu skrána að jörðin Hvarfsdalur uppfyllti þá ekki skilyrði þess að teljast lögbýli og hafi því verið felld af skránni. Á þeim tíma hafi ábúðarlög nr. 36/1961 gilt um réttarstöðu jarðarinnar. Ganga verði út frá því að þeir sem gerðu skrána hafi litið til fyrimæla laganna, þar sem m.a. hafi komið fram að jörð teldist lögbýli nema hún hefði verið eyðijörð í meira en 25 ár. Raunar hafi jörðin verið búin að vera í eyði mun lengur þegar þar var komið sögu. Því síður geti hún hafa talist lögbýli árið 1976 sem sé það

tímamark sem miðað sé við í gildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Auk þessa hafi jörðin ekki uppfyllt þær lágmarkskröfur að hafa landrymi eða búrekstrar- aðstöðu sem framfleytti 10 kúgildum eða haft nauðsynlegan húsakost. Líkast til hafi hún aldrei haft búrekstraraðstöðu og óvíst sé um húsakostinn sem sé löngu fallinn og hafi verið það fyrir árið 1976.

15. Auk framangreinds telji stefnandi ljóst að jörðin Hvarfsdalur hafi verið tekin úr landbúnaðarnotum og lögð til afréttar, sbr. m.a. skráningu jarðarinnar í fasteignamati sem afrétt. Jörð sem lögð sé til afréttar teljist ekki lengur lögbýli. Verði ekki annað séð en að það hafi verið gert fyrir gildistöku jarðalaganna árið 1976 enda hafi það líklega verið tilgangur sveitarstjórnar með kaupum á jörðinni árið 1944.
16. Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar frá 11. febrúar 1999 í máli nr. 263/1998 (Litli-Langidalur) sem sýni að sönnunarbyrði hvíli á eiganda jarðar komi fram rök sem hnígi í þá átt að hún hafi ekki uppfyllt skilyrði þess að teljast lögbýli. Þá hafi sú túlkun Hæstaréttar á hugtakinu lögbýli sem fram komi í dóminum verið fest í sessi með lögum nr. 61/2006.
17. Þeir hagsmunir sem um sé að tefla í málinu séu nátengdir ábúð jarða og nýtingu hlunninda, sbr. marga dóma Hæstaréttar þar að lútandi. Engir slíkir hagsmunir séu bundnir við jörð sem hafi verið í eyði áratugum saman. Þá skipti engu máli þótt ekki hafi verið gerðar athugasemdir við tiltekna framkvæmd atkvæðisréttar enda sé hvað það varðar ekki hægt að vinna betri rétt en mælt er fyrir um í lögum fyrir hefð, venju eða á grundvelli tómlætis-sjónarmiða. Vísar stefnandi í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 3. mars 2016 í máli nr. 530/2015 (Langanesmelar). Stefnandi hafi þó gert athugasemd við notkun atkvæðisréttar Hvarfsdals á fundi árið 2016 og síðar, eftir að honum hafi orðið ljóst að hugsanlega uppfyllti jörðin ekki skilyrði þess að eiga atkvæðisrétt í félaginu.

### **Helstu málsástæður stefnda**

18. Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og byggir á því að hafið sé yfir vafa að hann njóti atkvæðisréttar í Veiðifélagi Búðardalsár. Með engu móti geti staðist að eigandi Hvarfsdals á hverjum tíma, sem eigi tæplega 20% af öllum veiðirétti árinna, verði gerður með öllu áhrifalaus um ráðstöfun á veiði fyrir landi sínu. Slíkt bryti að mati stefnda gróflega gegn ákvæðum 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um vernd eignarréttar og stjórnskipulegt meðalhóf. Óumdeilt sé að eigandi Hvarfsdals fari með veiðirétt fyrir landi sínu sem svari til tæplega 20% veiðiréttar í allri Búðardalsá. Þótt landeigandi eigi veiðiréttinn fyrir sínu landi samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006 sé það í reynd veiðifélag sem ákveði hvort landeigendur megi veiða fyrir landi sínu. Í 3.

mgr. 37. gr. laganna komi til að mynda fram að eftir stofnun veiðifélags sé öllum óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu nema samkvæmt heimild frá veiðifélagi.

19. Af þessu fyrirkomulagi leiði að heimildir einstakra veiðiréttarhafa til að ráðstafa og hagnýta eignarréttindi sín með þeim hætti sem þeir kjósi séu skertar og flytjist að miklu leyti til veiðifélagsins. Þannig sé það veiðifélagið sem ráðstafi rétti til stangveiði á viðkomandi svæði að teknu tilliti til markmiða laganna. Þá sé einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu ef veiðifélag hefur ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu, sbr. 4. mgr. 37. gr. laganna. Í ljósi þeirra víðtæku heimilda sem viðkomandi veiðifélag hafi til að ráðstafa veiðirétti félagsmanna sé mjög mikilvægt að veiðiréttarhafar hafi möguleika til þátttöku í ákvörðunum á vettvangi veiðifélaga. Stefndi byggir á því að allar hömlur á slíkri aðkomu feli í sér takmarkanir á stjórnarskrárvörðum eignarrétti sem verði að skýra þröngt. Gæta verði meðalhófs og ekki megi ganga lengra í takmörkunum en nauðsynlegt sé til að ná því markmiði sem að sé stefnt. Verði þá einnig að líta til þess að veiðiréttarhöfum sé gert skylt að eiga aðild að veiðifélögum og verði því sérstaklega að gæta að því að slík skylduadild feli ekki í sér meiri skerðingu á eignarréttindum veiðiréttarhafa en nauðsyn beri til. Þannig byggir stefndi á því að það færi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar að aðili sem ætti veiðirétt færi ekki með atkvæðisrétt í veiðifélagi, sem honum væri þó skylt að vera aðili að, enda sé það einn af hornsteinum þess að vera í félagi að fá að taka þátt í ákvörðunum þess. Engu máli skipti í þessu sambandi þótt stefndi eigi aðrar jarðir sem jafnframt eigi aðild að Veiðifélagi Búðardalsár.

20. Stefndi bendir á að í gildistíð laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 hafi atkvæðisrétti á vettvangi veiðifélags verið háttað þannig að ábúandi hvers lögbýlis sem metið var til verðs í gildandi fasteignamati skyldi hafa eitt atkvæði, sbr. 2. mgr. 66. gr. laganna. Hið sama hafi gilt um ábúendur eyðjarða. Tilgangur þessa lögbýlisskilyrðis laganna hafi ekki verið sá að svipta veiðiréttarhafa atkvæðisrétti. Ekki standist að skýra ákvæðið þannig að það leiði til sviptingar atkvæðisréttar með afturvirkum hætti.

21. Í 2. mgr. 48. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 hafi verið sett efnislega samhljóða ákvæði um atkvæðisrétt á fundum í veiðifélagi. Þó hafi verið gerð sú breyting með lögum nr. 38/1970 að atkvæðisréttur ábúanda skyldi miðast við lögbýli sem metið væri til verðs í gildandi fasteignamati eins og það var við gildistöku laganna árið 1970. Í greinargerð með frumvarpi til breytingalaganna hafi þetta ákvæði verið skýrt svo að það væri sett til að girða fyrir að lögbýlum væri skipt í þeim tilgangi að afla atkvæðisréttar í veiðifélögum eða fjölga atkvæðum í veiðifélögum. Áfram hafi komið fram í lögnum að væri jörð í eyði skyldi eigandi hennar hafa eitt atkvæði. Jörðin Hvarfsdalur hafi ávallt

verið metin til verðs í fasteignamati og verið sérgreind fasteign. Engu breyti að hún hafi verið í eyði því sérstaklega hafi verið tekið fram í lögnum að eyðijarðir færu með atkvæðisrétt á vettvangi veiðifélaga. Af hálfu stefnda kemur fram að hvað sem þessu líði mótmæli hann öllum fullyrðingum stefnanda sem lúti að búrekstrarmöguleikum á jörðinni Hvarfsdal.

22. Í nágildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 hafi upphaflega komið fram í 1. mgr. 40. gr. að á félagssvæði veiðifélags fylgdi eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt ætti í samræmi við ákvæði laganna. Þá hafi sagt þar að með jörð væri átt við þær jarðir sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976. Með lögum nr. 119/2009 hafi verið gerð sú breyting á 3. málslíð 1. mgr. 40. gr. að bætt hafi verið við orðunum „þar á meðal eyðijarðir“. Kveði lagatextinn því skýrlega á um það nú að atkvæðisréttur fylgi jörðum, þar á meðal eyðijörðum, sem fullnægt hafi skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976. Hafi löggjafinn þannig talið sérstaka ástæðu til að áréttta að eyðijörðum fylgdi atkvæðisréttur í veiðifélagi. Vísar stefndi í þessu sambandi til athugasemda með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 119/2009. Einnig vísar stefndi hvað þetta snertir til þess að eyðijarðir hafi sérstaklega verið tilgreindar sem lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976, sbr. ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr., 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976. Því sé ljóst að Hvarfsdal hafi fylgt atkvæðisréttur í Veiðifélagi Búðardalsár, líkt og gengið hafi verið út frá allt frá því félagið tók til starfa.

23. Enn fremur mótmælir stefndi sem rangri þeirri fullyrðingu stefnanda að jörðin Hvarfsdalur hafi verið lögð til afréttar.

### **Forsendur og niðurstöður**

24. Ágreiningur máls þessa snýst um það eitt hvort jörðinni Hvarfsdal fylgi atkvæðisréttur í Veiðifélagi Búðardalsár. Við úrlausn um það reynir á skýringu 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, með síðari breytingum, og heimfærslu þeirrar reglu sem þar er að finna til atvika málsins. Leiði sú lögskýring og heimfærsla til ályktunar um að umrædd lagaregla feli samkvæmt efni sínu í sér að jörðin sé án atkvæðisréttar kemur jafnframt til úrlausnar hvort slík niðurstaða fái staðist gagnvart þeirri vernd sem eignarréttindum er tryggð með ákvæðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, með síðari breytingum, (hér eftir: stjórnarskráin) eða hvort reglan sé að vettugi virðandi við úrlausn málsins af þeim sökum að svo sé ekki. Í þeim efnum gæti m.a. komið til skoðunar hvort löggjafinn hafi gætt meðalhófs við setningu reglunnar sem fæli þannig skýrð í sér fyrirmæli um að stefndi væri sem eigandi um 20% veiðiréttar í Búðardalsá í krafti eignarhalds að jörðinni Hvarfsdal með öllu áhrifalaus um ráðstöfun þeirra réttinda

á vettvangi veiðifélagsins sem annast um þá ráðstöfun samkvæmt lögum nr. 61/2006 og stefnda er samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laganna skylt að eiga aðild að. Í þeim efnunum gætu jafnframt komið til úrlausnar álitafni tengd neikvæðu félagafrelsi, sbr. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Hvað þessi atriði snertir gæti ekki skipt máli þótt svo hátti til nú að stefndi eigi jafnframt fleiri jarðir með veiðirétt í Búðardalsá og atkvæðisrétt á þeim grundvelli enda um að ræða sjálfstæð og aðgreind réttindi sem tilheyra hverri jörð um sig. Þá ber, hvað sem líður álitafnum um stjórnskipulegt gildi umræddrar lagareglu, að hafa hugfast að eins og ítrekað hefur verið staðfest í dómaframkvæmd verður lagaákvæðum sem takmarka stjórnarskrárvarin réttindi ekki gefin rýmri merking við lögskýringu en ótvírætt verður ráðin af orðanna hljóðan þeirra.

25. Í 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 kemur fram að á félagssvæði veiðifélags fylgi eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt á í samræmi við ákvæði laganna og að með jörð í þessum skilningi sé átt við þær jarðir, þar á meðal eyðijarðir, sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976. Orðunum „þar á meðal eyðijarðir“ var bætt við málsgreinina með lögum nr. 119/2009. Í málinu er óumdeilt að jörðinni Hvarfsdal fylgi veiðiréttur í Búðardalsá og eins og áður segir nemur hlutdeild þess veiðiréttar tæplega 20% af veiðirétti árinna samkvæmt arðskrá Veiðifélags Búðardalsár. Ágreiningur málsins lýtur aftur á móti að því hvort jörðin hafi fullnægt skilyrðum þess að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976 og njóti á þeim grundvelli atkvæðisréttar í veiðifélaginu.

26. Lög nr. 61/2006 leystu af hólmi eldri lög um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Í 2. mgr. 48. gr. síðarnefndu laganna voru ákvæði um atkvæðisrétt í veiðifélögum. Þar kom fram að ábúandi hvers lögbýlis sem metið væri til verðs í gildandi fasteignamati við gildistöku laganna skyldi hafa eitt atkvæði. Maður sem byggi á fleiri en einni jörð hefði einnig eitt atkvæði. Síðan sagði: „Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði.“ Síðastnefnt ákvæði laganna mælti þannig fortakslaust fyrir um atkvæðisrétt eiganda eyðijarðar. Því verður að telja ótvírætt að eigandi Hvarfsdals hafi í gildistíð laganna átt rétt á að fara með eitt atkvæði í félaginu en af gögnum málsins verður ráðið að félagið hafi starfað a.m.k. frá árinu 1973. Álitafni málsins snúa því m.a. að því hvort sá réttur hafi fallið niður með gildistöku laga nr. 61/2006 eftir að hafa áður átt sér skýra lagastoð í rúmlega þrjú áratugi og að því er virðist verið virkur í reynd þann tíma.

27. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 38/1970, sem breyttu eldri lögum um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 sem í framhaldinu voru endurútgefin sem lög nr. 76/1970, var ákvæði 2. mgr. 48. gr., sem hafði að geyma fyrrnefnda reglu þess efnis að atkvæðisréttur miðaðist við lögbýli „sem metið [væri] til verðs í gildandi fasteignamati

við gildistöku laga þessara“, skýrt svo að það væri sett til að girða fyrir að lögbýlum væri skipt í þeim tilgangi að afla atkvæðisréttar í veiðifélögum. Þá kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 61/2006 að eðlilegt þyki að miða við fyrrgreint tímamark, við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976, „í ljósi þess að þá hafði lögbýlaskipan landsins tekið á sig nokkuð endanlega mynd“. Í báðum tilvikum verður ráðið af umræddum lögskýringargögnum að tilgangur löggjafans hafi verið sá að tryggja ákveðna festu við framkvæmd atkvæðisréttar í veiðifélögum fremur en að það hafi verið sjálfstætt markmið að fella niður atkvæðisrétt sem fyrir var eða þrengja að atkvæðisrétti eyðijarða.

28. Sú ályktun að ætlun löggjafans hafi ekki verið sú að þrengja að atkvæðisrétti eyðijarða með lögum nr. 61/2006 fær frekari stuðning af þeirri staðreynd að með lögum nr. 119/2009 var fyrrnefndu lögunum breytt sérstaklega í því skyni að taka af tvímæli um stöðu eyðijarða að þessu leyti. Í athugasemdum með áðurnefndu frumvarpi sem varð að lögum nr. 119/2009 er sérstaklega vikið að því að ætlunin hafi ekki verið sú að þrengja eða fella niður atkvæðisrétt eyðijarða með lögum nr. 61/2006. Tilgangurinn með þessari lagabreytingu 2009 var sá að styrkja stöðu eyðijarða að þessu leyti eða „færa þetta atriði til fyrri vegar“, eins og það er orðað í athugasemdunum. Þessi atriði er varða tilgang löggjafans með umræddri lagabreytingu kunna að hafa áhrif við skýringu 1. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, eins og henni var breytt með lögum nr. 119/2009.

29. Þar sem atkvæðisréttur í veiðifélagi takmarkast samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 við jarðir sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976 hefur þýðingu við úrlausn málsins að greina hvenær þau tóku gildi og hvaða skilyrði jarðir þurftu að uppfylla til að teljast lögbýli við það tímamark. Síðarnefndu lögin voru samþykkt sem lög frá Alþingi 18. maí 1976, undirrituð af forseta Íslands og ráðherra 31. sama mánaðar og birt í A-deild Stjórnartíðinda 11. júní 1976. Í 1. mgr. 62. gr. laganna kom fram að þau öðluðust þegar gildi.

30. Í 19. gr. stjórnarskrárinnar segir að undirskrift forseta Lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veiti þeim gildi er ráðherra ritar undir þau með honum. Jafnframt kemur fram í 26. gr. að staðfesting forseta Lýðveldisins á lagafrumvarpi veiti því lagagildi. Þá segir í 27. gr. að birta skuli lög og að um birtingarháttu og framkvæmd laga fari eftir landslögum. Tilvitnuð ákvæði stjórnarskrárinnar voru sama efnis árið 1976. Á þeim tíma voru í gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943. Í 1. gr. þeirra kom fram að lög skyldi birta í A-deild Stjórnartíðinda. Þá sagði í 7. gr. að fyrirmælum sem fælust í lögum mætti ekki beita fyrr en birting hefði farið fram nema þau geymdu ákvæði „algerlega einkamálaeðlis“ og aðilar hefðu komið sér saman um að

skipti þeirra skyldu fara eftir óbirtum fyrirmælum. Enn fremur kom fram í 7. gr. að birt fyrirmæli skyldu binda alla frá og með fyrsta degi þess mánaðar þegar liðnir væru þrír almanaxsmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda er fyrirmælin voru birt, nema þau geymdu aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

31. Þar sem jarðalög nr. 65/1976 höfðu að geyma gildistökuákvæði þess efnis að þau öðluðust þegar gildi er ljóst að unnt var að beita þeim frá og með annaðhvort 11. eða 12. júní 1976 en lög nr. 64/1943 og dómaframkvæmd frá gildistíma þeirra taka ekki af tvímæli um hvort hér skuli miða við birtingardaginn eða daginn eftir, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 1985, bls. 1544 í dómasafni, 1982, bls. 281, og 1986, bls. 619.
32. Í jarðalögum nr. 65/1976 var ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu lögbýli. Aftur á móti var hugtakið skilgreint í ábúðarlögum nr. 64/1976. Rétt eins og lög nr. 65/1976 voru þau afgreidd sem lög frá Alþingi 18. maí 1976, staðfest af forseta Íslands og ráðherra 31. sama mánaðar, birt í A-deild Stjórnartíðinda 11. júní 1976 og höfðu að geyma ákvæði um að þau tækju þegar gildi, þ.e. í 1. mgr. 46. gr. Því er ljóst að bæði ábúðarlög nr. 64/1976 og jarðalög nr. 65/1976 tóku gildi á nákvæmlega sama tíma, hvort sem miðað er við gildistöku í skilningi 19. og 26. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. tímamark staðfestingar laganna með undirritunum forseta Íslands og ráðherra, eða það tímamark þegar fyrst mátti beita ákvæðum laganna sem samkvæmt framansögðu miðast við birtingardaginn, 11. júní 1976.
33. Í 1. mgr. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 kom fram að jörð eða lögbýli nefndist í lögunum hvert það býli sem sérstaklega væri metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli væri að ræða, sem hefði sameiginlegt beutiland með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur yrði býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu að það framfleytti minnst 10 kúgildum. Auk þess væri á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina. Í 2. mgr. kom fram að jörð sem ekki hefði verið setin í tvö ár eða lengur teldist eyðijörð og þó að hús væru fallin eða rifin teldist hún lögbýli nema jörðinni væri ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.
34. Þar til ábúðarlög nr. 64/1976 tóku gildi giltu ábúðarlög nr. 36/1961 en þar var skilgreining lögbýlishugtaksins með nokkuð öðrum hætti hvað eyðijarðir snerti. Í 2. mgr. 1. gr. síðarnefndu laganna kom fram að jörð sem farin væri í eyði og öll hús á henni fallin eða rifin teldist þó eftir sem áður jörð eða lögbýli þar til liðin væru 25 ár frá því hún fór síðast í eyði. Eftir þann tíma teldist hún í flokki óbyggðra landa. Breytingar sem gerðar voru með setningu laga nr. 64/1976 fólu þannig í sér að fallið var frá ákvæði þess efnis að

eyðijörð teldist ekki lögbýli eftir að liðin voru 25 ár frá því hún fór í eyði. Í stað þess var innleidd regla þess efnis að eyðijörð teldist lögbýli nema henni hefði verið ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð. Þegar metið er hvort jörðin Hvarfsdalur fullnægði skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976 getur því skipt verulegu máli hvort það mat byggist á skilyrðum ábúðarlaga nr. 36/1961, eins og stefnandi byggir á að gera skuli, eða ábúðarlaga nr. 64/1976.

35. Ábúðarlög nr. 64/1976 tóku eins og áður er rakið gildi á nákvæmlega sama tíma og jarðalög nr. 65/1976 og um leið féllu ábúðarlög nr. 36/1961 úr gildi. Strax í upphafi gildistíma jarðalaga nr. 65/1976 voru það því reglur ábúðarlaga nr. 64/1976 sem réðu því hvort eyðijörð teldist lögbýli eða ekki. Því er að mati dómsins rétt að líta til þeirra reglna þegar metið er hvort jarðir fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976, í skilningi 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Í þeim efnum skiptir máli að þar eru notuð orðin „við gildistöku“ en ekki t.d. orðin „fram til gildistöku“. Virðist löggjafinn þannig hafa gengið út frá því að gildistaka jarðalaga árið 1976 væri þýðingarmikið tímamark hvað þetta snertir. Sú forsenda hefði tæplega getað átt við ef allt að einu hefði átt að miða við réttarstöðuna sem ábúðarlög frá 1961 mörkuðu næstu 15 árin á undan með reglum sem voru að nokkru leyti annars efnis. Þá kemur fram í athugasemdum með 40. gr. í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 61/2006 að eðlilegt þyki að miða við þessi tímamörk „í ljósi þess að þá hafði lögbýlaskipan landsins tekið á sig nokkuð endanlega mynd“. Þessi fullyrðing hefði varla getað staðist ef ætlunin hefði engu að síður verið sú að horfa framhjá þeim breytingum þar að lútandi sem voru innleiddar við nákvæmlega sama tímamark með gildistöku ábúðarlaga nr. 64/1976. Sú ályktun að hér eigi fremur að líta til ábúðarlaga nr. 64/1976 en ábúðarlaga nr. 36/1961 fær enn frekari stuðning af þeirri staðreynd að í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 119/2009, sem mæltu eins og áður segir fyrir um breytingu á 1. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, er sérstaklega vísað til 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 hvað þetta atriði snertir en aftur á móti er ekkert vikið að ábúðarlögum nr. 36/1961 í því sambandi. Að þessu virtu er hafnað sjónarmiðum stefnanda um að líta beri til ábúðarlaga nr. 36/1961 við mat á því hvort Hvarfsdalur hafi við gildistöku jarðalaga nr. 65/1976 uppfyllt skilyrði þess að teljast lögbýli. Þess í stað er litið til skilyrða ábúðarlaga nr. 64/1976 við það mat.

36. Að þeirri ályktun dreginni að hér skuli leggja skilyrði ábúðarlaga nr. 64/1976 til grundvallar við mat á því hvort Hvarfsdalur hafi uppfyllt skilyrði þess að teljast lögbýli við gildistöku jarðalaga nr. 65/1976, og fari því með atkvæðisrétt í Veiðifélagi Búðardalsár samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, kemur næst til skoðunar hvort Hvarfsdalur

hafi uppfyllt þessi skilyrði við umrætt tímamark. Hin almennu skilyrði þar að lútandi koma sem fyrr segir fram í 1. mgr. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 og í 2. mgr. eru sérstök ákvæði um eyðijarðir. Að því gættu að Hvarfsdalur mun hafa verið sjálfstæð jörð, en ekki t.d. hjáleiga annarrar jarðar, lutu skilyrði sem hér koma til skoðunar að því að jörðin væri metin sérstaklega til verðs í fasteignamati, hefði ákveðin landamerki og hefði það landrými eða búrekstraraðstöðu að hún framfleytti minnst 10 kúgildum. Þar sem Hvarfsdalur mun hafa verið í eyði við það tímamark sem um ræðir skiptir ekki máli þótt hús á jörðinni hafi þá verið fallin eða rifin en aftur á móti hefur þýðingu hvort jörðinni hafi verið ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð. Hér á eftir er tekið til frekari skoðunar hvort Hvarfsdalur hafi árið 1976 uppfyllt hvert og eitt af þeim skilyrðum sem hér voru nefnd.

37. Fyrst verður metið hvort jörðin Hvarfsdalur hafi við umrætt tímamark uppfyllt það skilyrði að vera metin sérstaklega til verðs í fasteignamati. Í málinu hafa ekki verið lögð fram nein gögn um fasteignamat Hvarfsdals árið 1976 eða yfirhöfuð frá gildistíð ábúðarlaga nr. 64/1976. Þau féllu úr gildi samhliða gildistöku nügildandi ábúðarlaga nr. 80/2004. Í þeim fasteignamatsgögnum sem þó liggja fyrir í málinu, og eru frá öðrum tíma, sést að þar er jörðin metin sérstaklega til verðs. Þar er um að ræða síður úr fasteignabókum, annars vegar frá 1932 og hins vegar 1942–1944, auk upplýsinga úr fasteignaskrá frá 2022. Jafnframt kemur fram í eldri heimildum að jörðin hafi á þeim tíma sem þær taka til verið metin sérstaklega til verðs, þ.e. *Jarðabók yfir Dalasýslu* eftir Orm Daðason frá 1731 og ritinu *Jarðatal á Íslandi* eftir Jón Johnsen frá 1847. Enn fremur má sjá í framangreindum úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2016 að í fasteignamati 1916–1918 hefur verið fjallað sérstaklega um Hvarfsdal.
38. Áður en ábúðarlög nr. 64/1976 og jarðalög nr. 65/1976 tóku gildi hafði Alþingi samþykkt frumvarp sem varð að lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 en síðastnefnd lög höfðu þó ekki verið birt þegar þar var komið sögu. Nánar tiltekið voru þau samþykkt sem lög frá Alþingi 6. maí 1976, undirrituð af forseta Íslands og ráðherra 20. sama mánaðar og birt í A-deild Stjórnartíðinda 23. júlí 1976. Við þau tímamörk þegar lög nr. 64/1976 og 65/1976 voru annars vegar undirrituð og hins vegar birt, þ.e. 31. maí 1976 og 11. júní 1976, var staða laga nr. 94/1976 því sú að þau höfðu verið undirrituð í samræmi við 19. og 26. gr. stjórnarskrárinnar en voru enn óbirt. Af því leiðir samkvæmt framansögðu að þá var enn ekki unnt að beita lögum nr. 94/1976.
39. Þar til lög um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 tóku gildi giltu lög um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963. Í 1. gr. laga nr. 28/1963 kom fram að allar fasteignir, sem ekki væru sérstaklega undanþegnar samkvæmt lögnum, skyldu metnar til

peningaverðs. Þá sagði í 8. gr. að við matið skyldi hver jörð sem hefði sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi metin sér til verðs, hvort sem hún teldist lögbýli eða ekki og hvort sem hún væri býli byggt úr landi annarrar jarðar eða ekki. Í 8. gr. kom einnig fram að „[e]yðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur“ skyldi „meta sér til verðs“. Í 11. gr. voru tilgreindar eignir sem voru undanþegnar fasteignamati, svo sem vegir, almenningsgarðar, veitur o.fl., en ljóst er að engin þeirra undantekninga getur hafa átt við um Hvarfsdal. Þá sagði í 12. gr. að afréttarlönd sem væru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð væru aðallega til upprekstrar skyldi ekki meta sérstaklega en taka skyldi upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða sem hann ættu. Eins og fjallað er um síðar telur dómurinn ekki forsendur til að líta svo á að Hvarfsdalur hafi talist til afretta við það tímamark sem hér skiptir máli. Að því gættu og með vísan til þess sem hér var rakið virðast lög því hafa staðið til þess við það tímamark sem máli skiptir að jörðin Hvarfsdalur væri metin sérstaklega til verðs í fasteignamati, þ.e. þegar jarðalög nr. 65/1976 tóku gildi. Þótt ekki liggi fyrir í málinu gögn um að það hafi í reynd verið gert á þeim tíma verður í ljósi þessa, og með hliðsjón af fasteignamatsgögnum sem staðfesta að jörðin hafi verið metin sérstaklega til verðs á öðrum tímum, lagt til grundvallar að umrætt skilyrði 1. mgr. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 hafi verið uppfyllt, enda er að mati dómsins rétt að stefnandi beri undir þessum kringumstæðum hallann af skorti á sönnun um þetta atriði.

40. Í málinu voru lagðar fram síður úr úrskurði óbyggðanefndar frá 3. maí 2018 í máli nr. 1/2016 (Flekkudalur og Svínadalur), þar sem m.a. er vitnað til landamerkjabréfs fyrir Hvarfsdal sem sagt er vera dagsett 21. maí 1885 og hafa verið þinglesið degi síðar. Þar er landamerkjum Hvarfsdals lýst. Ætla verður að þarna sé um að ræða landamerkjabréf sem gert hafi verið á grundvelli eldri landamerkjalaga nr. 5/1882. Í ljósi þessa verður vart talinn leika nokkur vafi á um að landamerki Hvarfsdals hafi verið ákveðin í skilningi 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 við gildistöku jarðalaga nr. 65/1976 enda liggur ekkert fyrir í málinu um að landamerkjabréfið hafi með einhverjum hætti verið fellt úr gildi.

41. Næst verður vikið að því skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 64/1976 að til að teljast lögbýli þurfti býli að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu að það framfleytti minnst 10 kúgildum. Að mati dómsins hlýtur í tilviki eyðibýla að verða að skýra þetta skilyrði með hliðsjón af þeirri sérreglu sem gildi um eyðijarðir samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar og fól m.a. í sér að jörð gæti talist lögbýli þótt hús væru fallin eða rifin. Eðli máls samkvæmt hlýtur húsakostur að vera meðal þess sem skiptir máli við mat á búrekstraraðstöðu jarðar. Með því að löggjafinn tók sérstaklega fram að eyðijarðir gætu talist til lögbýla þótt hús væru fallin verður ekki talið að umrætt skilyrði um búrekstraraðstöðu hafi fortakslaust átt við um eyðijarðir. Það að vera kunnir að í Hvarfsdal hafi vegna skorts á

húsakosti ekki verið búrekstraraðstaða til að framfleyta minnst 10 kúgildum við margnefnt tímamark árið 1976 skiptir því ekki máli við úrlausn málsins. Þá liggja ekki fyrir í málinu gögn sem kynnu að varpa ljósi á það hvort landrými eða eiginleikar landsins hafi að öðru leyti aftrað því við umrætt tímamark að aðstöðu til að framfleyta minnst 10 kúgildum yrði komið upp. Þannig hefur stefnandi ekki sýnt fram á það, svo sem með matsgerð eða annarri sönnunarfærslu, að landkostir hafi verið það rýrir að ófært hafi verið að koma þar upp slíkri aðstöðu. Að mati dómsins verður stefnandi, sem freistar þess að fá hnekkt áratugalangri skipan atkvæðisréttar í veiðifélaginu, á íþyngjandi hátt gagnvart stefnda að því er varðar umráða- og ráðstöfunarrétt eignarréttinda hans, að bera hallann af skorti á sönnun um þetta.

42. Enn fremur kemur til skoðunar hvort Hvarfsdalur hafi við gildistöku jarðalaga nr. 65/1976 uppfyllt það skilyrði 2. mgr. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 að jörðinni hafi ekki áður verið „ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð“. Jarðanefndir störfuðu samkvæmt II. kafla jarðalaga nr. 65/1976 í hverri sýslu og gegndu hlutverki er varðaði málefni jarða. Stefnandi hefur byggt á því að jörðin Hvarfsdalur hafi verið lögð til afréttar og það hafi verið tilgangur kaupa Skarðshrepps á jörðinni 1944. Stefnandi vísar því til stuðnings til þess að áðurnefndur fundur hreppsnefndar 5. september 1944, þar sem tekin var ákvörðun um að gangast fyrir kaupum á jörðinni, hafi varðað fjallskil. Þá sé jörðin tilgreind sem „Eyðijörð/afrétt“ í fasteignaskrá sem styðji sömu ályktun.

43. Þegar umrædd kaup Skarðshrepps á Hvarfsdal fóru fram árið 1944 voru það einkum reglur landsleigubálks Jónsbókar sem giltu um afréttarmálefni. Þar var ekki að finna neinar reglur um hvernig staðið skyldi að ákvörðun um að leggja land jarðar til afréttar. Með lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969 voru aftur á móti lögfestar reglur þar að lútandi. Í 5. gr. þeirra kom fram að sýslunefnd gæti ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeiganda. Einnig kom þar fram að hreppsnefndir gætu með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land er þær hefðu full umráð yfir. Samkvæmt 6. gr. skyldi sýslunefnd, að fengnum upplýsingum sveitar- og bæjarstjórnar, semja skrá yfir alla afrétti er héraðsbúar notuðu. Þar skyldi lýst merkjum þeirra og tekið fram hvaða jarðir ættu upprekstur á hvern afrétt, svo og hverjir væru afréttareigendur ef um afrétt í einkaeign væri að ræða. Skrá þessi skyldi gilda sem heimild fyrir upprekstrarrétti hveftrar jarðar í sveitinni. Sambærilegar reglur er nú að finna í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sem leystu lög nr. 42/1969 af hólmi. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 6/1986, með síðari breytingum, er það þó stjórn fjallskilaumdæmis sem gegnir því hlutverki sem sýslunefnd gegndi áður, að því er

varðar gerð skrár yfir afrétti, og á tímabilinu frá 1988 til 2011 var þetta hlutverk á hendi héraðsnefndar.

44. Ekki hafa verið lagðar fram í málinu skrár um afrétti sem kunna að hafa verið gerðar á þessum grundvelli og kynnu eftir atvikum að varpa ljósi á hvort jörðin Hvarfsdalur hafi á einhverjum tíma verið lögð til afréttar. Ekki liggja heldur fyrir nein gögn um ákvörðun hreppsnefndar Skarðshrepps þar að lútandi þótt fyrir liggi að hreppsnefndin stóð fyrir kaupum á jörðinni árið 1944. Enn fremur hafa ekki komið fram gögn frá öðrum aðilum, svo sem sýslunefnd eða jarðanefnd, um að slík ákvörðun hafi verið tekin áður en jarðalög nr. 65/1976 tóku gildi. Stefnandi verður að mati dómsins að bera hallann af skorti á sönnun um þetta atriði.
45. Samkvæmt því sem hér var rakið er niðurstaða dómsins sú að líkur standi til þess að jörðin Hvarfsdalur hafi fullnægt skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976 og að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á hið gagnstæða. Í þeim efnum hefur því ekki úrslitabýðingu þótt jarðarinnar hafi ekki verið getið í jarða- og lögbýlaskrár síðan á fardagaárinu 1966–1967 og að eldri skrár bendi til að hún hafi þá þegar verið komin í eyði, enda lýtur áskilnaður 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 ekki að skráningu jarðar þar. Sá áskilnaður lýtur aftur á móti að því að hún hafi í reynd fullnægt skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku jarðalaga nr. 65/1976 og þau skilyrði koma eins og rakið hefur verið fram í ábúðarlögum nr. 64/1976. Þótt jarða- og lögbýlaskrár hafi í gegnum tíðina haft þýðingu við mat á því hvort jarðir teljist til lögbýla verður regla 1. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 að mati dómsins ekki skýrð svo rúmt að í henni verði talinn felast áskilnaður um skráningu jarðar í slíka skrá enda verða lagaákvæði sem takmarka stjórnarskrárvarin eignarréttindi ekki skýrð rýmra en samkvæmt orðanna hljóðan eins og áður var nefnt. Við skýringu ákvæðisins er jafnframt rétt að líta til þess að eins og áður greinir verður ekki ráðið af lögskýringargögnum að ætlun löggjafans hafi verið sú að svipta jarðir atkvæðisrétti í veiðifélögum með afturvirkum hætti eða að veikja stöðu eyðijarða að því leyti frá því sem áður var.
46. Af hálfu stefnanda hefur verið byggt á því að sönnunarbyrði um að Hvarfsdalur hafi uppfyllt skilyrði þess að teljast lögbýli við gildistöku jarðalaga nr. 65/1976 hvíli á stefnanda. Vísar stefnandi í því sambandi m.a. til dóms Hæstaréttar frá 11. febrúar 1999 í máli nr. 263/1998 (Litli-Langidalur). Samkvæmt framansögðu hefur stefndi að mati dómsins sýnt nægilega fram á að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt og stefnanda hefur ekki tekist að sýna fram á hið gagnstæða. Þá eru atvik þessa máls um margt ósambærileg málsatvikum í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar, hvað umrædd skilyrði varðar.

47. Að fenginni þessari niðurstöðu, sem byggist einkum á skýringu þeirrar reglu 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 sem varðar atkvæðisrétt eyðijarða í veiðifélögum og heimfærslu hennar til atvika málsins, reynir ekki á úrlausn um álitafni er varða stjórnskipulegt gildi umræddrar lagareglu.

48. Samkvæmt því sem hér var rakið er niðurstaða dómsins sú að sýkna skuli hið stefnda félag, Búð ehf., af dómkröfu stefnanda, Heiðardals ehf. Eftir þeim úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað. Hann telst að mati dómsins hæfilega ákveðinn 1.550.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Búð ehf., skal vera sýkn af dómkröfu stefnanda, Heiðardals ehf.

Stefnandi, Heiðardalur ehf., greiði stefnda, Búð ehf., 1.550.000 kr. í málskostnað.

Þorsteinn Magnússon